

Nd.

301. Frumvarp til laga

[163. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Við a-lið 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Enn fremur hús, sem eru reist og notuð einvörðungu fyrir viðurkennda tóms-
stundaiðju, sem fram fer á vegum félags- og æskulýðssamtaka eða í tengslum við
þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur þátttaka í hvers konar útilífs- og tóms-
stundaiðju farið mjög vaxandi. Þar með má telja hestamennsku, en hún á auknum vinsældum að
fagna, einkum meðal ungs fólks. Í Reykjavík hefur mikill fjöldi hestamanna byggt
eigin hesthús, en auk þess hefur Hestamannafélagið Fákur byggt yfir tæplega
500 hesta.

Öll eru þessi hús byggð með samþykki og skv. skipulagi borgarinnar. Eig-
endum þessara húsa hefur verið gert að greiða 1½% fasteignaskatt, auk þess sem
Hestamannafélagið Fákur og reyndar önnur hestamannafélög eru krafín um 1½%
fasteignagjald af félagsheimilum sínum.

Um langan aldur hafa stjórnvöld sýnt almennri íþróttastarfsemi þann skiln-
ing að undanþiggja fasteignir, sem notaðar eru til íþróttaiðkunar, fasteignagjöldum.
Þessi undanþága hefur að sjálfsögðu komið almennri íþróttastarfsemi í landinu
mjög vel og er enda viðurkenning á þeirri starfsemi og þeim fjárhagserfiðleikum
sem frjáls íþróttastarfsemi á við að etja.

Hestamennska hefur enn ekki formlega verið viðurkennd sem íþróttagrein, en
er þó löngu viðurkennd sem æskileg og holl tóms- og útilífsiðja. Áhugamenn
og forustumenn hestamannafélaga, einkum í Reykjavík, hafa því á undanförunum
árum óskað þess, að fasteignir (hesthús og félagsheimili), sem þessari útilífsiðju
tilheyra, falli undir þessi undanþáguákvæði. Viðkomandi yfirvöld hafa haft skiln-
ing á þessum óskum, en ekki talið sér fært að verða við þeim vegna skýrra laga-
ákvæða um álagningu fasteignagjalda.

Því er þetta frumvarp flutt, að umrædd tóms- og útilífsiðja njóti að einhverju leyti
sömu hlunninda og önnur íþróttastarfsemi, líkt og gilt hefur um árabíl. Er þó
ekki gengið svo langt, að hesthús eða félagsheimili hestamannafélaga verði með
öllu undanþegin fasteignaskatti, heldur gerir frumvarpið ráð fyrir, að skatturinn
verði færður úr 1½% í ½% eins og gildir um útihús bænda.

Undanþáguákvæðið er ekki bundið við hesthús einvörðungu, heldur er gert ráð
fyrir að ákvæðið nái yfir hús, sem reist eru og notuð einvörðungu fyrir viðurkennda
tóms- og útilífsiðju, skv. nánari skilgreiningu ráðuneytis, sem kveðið verður á um í
reglugerð. Það er hins vegar vilji flm. að frumvarpið verði túlkað mjög þröngt
og strangt farið eftir því, að slíkt húsnæði verði ekki notað til annarrar iðju en
húsið er reist fyrir og viðurkennd er.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt hefur það eitt skeð, að útilífsiðja, sem
farið hefur ört vaxandi um land allt, situr að nokkru leyti við sama borð og önnur
íþróttastarfsemi. Slíkt hlýtur að teljast réttlætismál og þess að vænta að alþingis-
menn ljái máls á þeirri sanngirniskröfu.